

## **Tillaga bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins að úttekt á rekstri og fjárhag Akraneskaupstaðar:**

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að gerð verði sjálfstæð úttekt á rekstri og fjárhag Akraneskaupstaðar með það að markmiði að koma fram með tillögur að hagræðingu í stjórnsýslu, rekstri og fjármálum sveitarfélagsins.

### **Greinagerð með tillögunni:**

Á þessu kjörtímabili og kjörtímabilinu á undan hefur verið rætt um að launakostnaður Akraneskaupstaðar sem hlutfall af tekjum sé hár borið saman við sambærileg sveitarfélög. Þá sýnir sú rekstraráætlun sem meirihluti bæjarráðs afgreiddi til umræðu í bæjarstjórn að við kaupstaðnum blasa erfiðir tímar í rekstri ef ekki verður gripið til aðgerða til að stemma stigu við sívaxandi kostnaði sem ekki er studdur með vexti í tekjum.

Nýlega var farið í stjórnsýsluúttekt sem leiddu af sér tillögur að skipulagbreytingum sem nú eru til umræðu í bæjarstjórn. Þær breytingar auka enn við launakostnað kaupstaðarins án þess að þess sjáist merki í áætlun til þriggja ára að breytingarnar leiði af sér hagræðingu eða bætta rekstrarafkomu. Markmiðið með þeirri úttekt var að auka skilvirkni í verkferlum, ræða vinnustað framtíðarinnar, kanna tækifæri í upplýsingatækni og nútímavæða verkferla. Ekki var sérstaklega horft til þess að ná fram hagræðingu í þessari stjórnsýslu úttekt sem rímar við fyrirliggjandi tillögur frá meirihluta bæjarráðs.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja ástæðu til þess að kafað verði ofan í hvernig megi viðhalda þjónustustigi við íbúa og um leið hagræða í rekstri til þess að ná fram sjálfbærni í rekstri sveitarfélagsins. Rekstraráætlun til þriggja ára sem er til umræðu í bæjarstjórn sýnir vöxt í útgjöldum umfram tekjur sem leiðir af sér að stigvaxandi hallarekstur næstu árin. Mörg sveitarfélög hafa á undanförunum árum látið rýna stjórnsýslu, rekstur og fjárhag til þess að viðhalda eða bæta þjónustu við íbúa og lækka kostnað. Í ljósi þess að launakostnaður sveitarfélagsins stefnir í að verða yfir 70% af tekjum sem er 15 prósentustigum hærra en gengur og gerist í öðrum sveitarfélögum er nauðsynlegt að fara í naflaskoðun á rekstri sveitarfélagsins með hagsmuni íbúa framtíðarinnar að leiðarljósi. Það er því von undirritaðra bæjarfulltrúa að meirihluti bæjarstjórnar taki vel í þessa tillögu.

Undirritað:

Rakel Óskarsdóttir

Sandra Margrét Sigurjónsdóttir

Einar Brandsson

Ólafur Adolfsson